

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 758/2011, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. a-liður orðast svo: Breytingar sem teljast eðlilegur hluti af almennri starfsemi fyrirtækis á vörum, þjónustu, framleiðslulínunum, framleiðsluferlum, núverandi þjónustu eða annarri áframhaldandi starfsemi, jafnvel þótt slíkar breytingar geti leitt af sér úrbætur.
- b. b-liður orðast svo: Umbætur, breytingar og/eða viðbætur við vörur fyrirtækis, þjónustu eða framleiðsluferla, þegar ekki er um að ræða þróun nýrrar þekkingar, nýrrar færni eða nýtingu núverandi þekkingar á nýjan hátt.
- c. Á eftir orðinu „framleiðsluferlis“ í f-lið kemur: og framleiðsla.
- d. h-liður orðast svo: Kortlagning á eða leit að námum, náttúruauðlindum, landsvæðum eða sambærilegu.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 16. gr. laga nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, og öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 27. maí 2019.*

F. h. r.

**Ingibjörg Helga Helgadóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Steinar Örn Steinarsson.*